

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 33/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/11/EB frá 15. febrúar 2006 um mengun vegna losunar tiltekinnna hættulegra efna í vatn í Bandalaginu (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt tilskipun 2006/11/EB fellur tilskipun 76/464/EBE úr gildi, en sú gerð er hlutur af samningnum og ber því að fella hana brott ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Í stað ákvæða 4. liðar (tilskipun ráðsins 76/464/EBE) í XX. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„**32006 L 0011**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/11/EB frá 15. febrúar 2006 um mengun vegna losunar tiltekinnna hættulegra efna í vatn í Bandalaginu (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 52).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við á eftir fyrstu málsgrein 13. gr.:

„Fresturinn sem kemur fram í hluta B í II. viðauka um að taka í landslög tilskipun 2000/60/EB gildir ekki og í stað hans kemur gildistöku dagur ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella tilskipun 2000/60/EB inn í þennan samning.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/11/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 55, og EES-viðbæti nr. 60, 30.11.2006, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 52.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 129, 18.5.1976, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.